

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 259/2022

2023/EES/31/32

frá 23. september 2022

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2238 frá 15. desember 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/773 að því er varðar niðurfellingu í áföngum á sérstökum tilvikum varðandi merki á afturhluta lestarvagns ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/721 frá 10. maí 2022 um leiðréttingu á tékknesku tungumálaútgáfunni af viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 1300/2014 um tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi að því er varðar aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra einstaklinga að járnbrautarkerfi í Sambandinu ⁽²⁾.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 37ma (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1300/2014):

„– **32022 R 0721:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/721 frá 10. maí 2022 (Stjtið. ESB L 134, 11.5. 2022, bls. 14).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 37pd (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/773):

„– **32021 R 2238:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2238 frá 15. desember 2021 (Stjtið. ESB L 450, 16.12. 2021, bls. 57).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2021/2238 og (ESB) 2022/721, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 450, 16.12.2021, bls. 57.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 134, 11.5.2022, bls. 14.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður